

Fundargerð 28. Fundar stjórnar Brákar íbúðafélags hses., Föstudaginn 24. Janúar 2025

Stjórnarfundur Brákar íbúðafélags hses., kt. 550722-0970 var haldinn 24.01.2025 kl. 11:00 á fjarfundi á Teams.

Mættir voru: Snorri Styrkársson, Ása Valdís Árnadóttir, Björn Sigurður Lárusson, Kristján Svan Kristjánsson, Guðveig Eyglóardóttir og Einar Georgsson.

Fundargerð rituðu Snorri og Einar

1. Fundarsetning (SS)

Snorri Styrkárson formaður stjórnar setti fundinn kl. 11:00.

2. Yfirlýsing til Reykjavíkurborgar vegna Leigufélags aldraðra

Varðandi umsókn Brákar um yfirtöku á stofnframlögum vegna Vatnsholti 1 og 3 þá óskar Reykjavíkurborg áður en borgin samþykkir yfirfærslu stofnframlaga frá Leigufélagi aldraðra eftir yfirlýsingu frá Brák er varðar breytingar á samþykktum félagsins varðandi starfssvæði Brákar og deildarskiptingu félagsins. Jafnframt óskað Reykjavíkurborg eftir að fram komi að íbúðirnar séu fyrir aldraða í Reykjavík og samkomulag verði gert um úthlutun íbúða að Vatnsholti 1 og 3.

Samþykkt er að senda yfirlýsingu hér að neðan til Reykjavíkurborgar:

„Stjórn Brákar íbúðafélags hses. og fulltrúaráð Brákar íbúðafélags hses., er með í undirbúningi tillögu að breytingum á 3. gr. samþykta félagsins varðandi tilgang þess, þ.m.t. að starfssvæði félagsins einskorðist ekki aðeins við landsbyggðina þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins. Tillagan verður lögð fram á ársfundi félagsins sem áformaður er í apríl 2025.

Jafnframt mun stjórn Brák íbúðafélag hses. leggja fram tillögu á ársfundinum í apríl um frekari breytingar á samþykktunum m.a. þess efnis að stofnaðar verða deildir innan félagsins og mun í framhaldi vista íbúðir að Vatnsholti 1 og 3 í Reykjavík í deild innan félagsins. Við úthlutun íbúða verður sett skilyrði um forgang aldraðra íbúa Reykjavíkur til úthlutunar íbúða að Vatnsholti 1 og 3 í Reykjavík.

Stjórn Brák íbúðafélag hses. lýsir yfir vilja sínum til að vera í nánú samstarfi við Reykjavíkurborg um úthlutun íbúða að Vatnsholti 1 og 3 í Reykjavík. Samkomulag verði gert um verklag og fyrirkomulag þess á árinu 2025. „

3. Ráðning framkvæmdarstjóra

Einar vikur af fundi .

Snorri leggur fram ráðningarsamning við Einar Georgsson um að gegna starfi framkvæmdarstjóra félagsins. Samningur Einar er samþykktur og formanni stjórnar falið að ganga frá samningum við framkvæmdarstjóra.

4. Fundarslit

Snorri slítur fund kl. 11:40

Einar Georgsson

Snorri Styrkársson

Undirritunarsíða

Snorri Styrkársson

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Sigurður Lárusson

Guðveig Lind Eyglóardóttir

Kristján S Kristjánsson